



Samstarfssamningur Mosfellsbæjar og Ungmennafélagsins Aftureldingar

Mosfellsbær, kt. 470269-5969, og Ungmennafélagið Afturelding (hér eftir nefnt UMFA eða félagið), kt. 460974-0119, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

1. grein

Tilgangur og markmið samningsaðila

Meginmarkmið samningsaðila er að leitast við að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf í Mosfellsbæ. UMFA skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglingum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem lýðheilsa og forvarnargildi íþróttar er haft að leiðarljósi. Samhliða leitast UMFA við að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það nái sem bestum árangri.

Mosfellsbær mun styðja fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með samkomulagi um afnot íþróttamannvirkja og beinum fjárframlögum.

Mosfellsbær hvetur íþróttar- og tómstundafélög bæjarins til að auka framboð íþróttar og tómstunda fyrir börn með sérstakar þarfir og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn til samræmis við stefnumörkun Mosfellsbæjar á þeim sviðum á hverjum tíma. Unnt er að sækja um fjárstuðning til menningar-, íþróttar- og lýðheilsusviðs fyrir nýsköpun og þróun verkefna sem styðja við ofangreind markmið.

2. grein

Framlög Mosfellsbæjar

Mosfellsbær greiðir samkvæmt þessum samstarfssamningi UMFA árleg fjárframlög og skal félagið ráðstafa þeim á eftirfarandi hátt til starfsemi félagsins:

42.659.593 kr.

Framlag til barna- og unglingastarfs

Framlaginu skal verja til barna- og unglingastarfs félagsins. Því skal ráðstafað til deilda í réttu hlutfalli við iðkendafjölda miðað við greidd árgjöld tímabilið á undan. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í ágúst árið áður, auk 3,5% á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir því hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar.

75.143.318 kr.

Framlag til almenns reksturs

Framlaginu er ætlað að veita deildum félagsins faglega yfirstjórn og þjónustu samhliða því að tryggja að fjárhagslegt utanumhald sé til fyrirmyndar, með áherslu á öflugt barna- og unglingastarf. Framlaginu skal verja til daglegs reksturs, s.s. launakostnaðar auk annars kostnaðar á skrifstofu. Framlag hvers árs hækkar í samræmi við breytingu á launavísitölu útgefinni í ágúst árið áður. Gera skal grein fyrir því hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar.

Framlag til sumarstarfa

Mosfellsbær veitir árlega styrk vegna sumarverkefna félagsins sem samsvarar launum fyrir um fimm stöðugildi. Styrkurinn felst í launagreiðslum frá Mosfellsbæ og er ákveðinn í samræmi við sambærileg sumarstörf (16 ára og eldri) hjá bænum. Aðalstjórn UMFA, í samráði við framkvæmdastjóra félagsins, tekur ákvörðun um hvernig fjármagninu er ráðstafað innan félagsins.

Framlag frá Vinnuskóla Mosfellsbæjar.

Á sumrin nýtur félagið starfskrafta frá Vinnuskóla Mosfellsbæjar (börn í 8.–10. bekk), en sækja skal um það fyrir 1. apríl ár hvert. Á hverju árið er metin þörf félagsins til starfskrafta og geta bæjarins til að mæta óskum þess.

38.532.714 kr. *Framlag til afreksstarfsemi*

Framlaginu skal varið til að styðja við rekstur á meistaraflokkum félagsins og stuðla þannig að góðum árangri. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í ágúst árið áður, auk 3,5% hækkunar á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Gera skal grein fyrir hvernig framlaginu er varið í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar.

Styrktaraðstaða og afnot af sundlaugum

UMFA hefur til ráðstöfunar um 240 m² í tveim rýmum að Varmá til styrktarþjálfunar. Félagið annast gerð stundaskráa fyrir notkun annarra íþróttafélaga og Mosfellsbæjar vegna styrktarþjálfunar. Gerður er sérstakur þjónustusamningur um aðkomu UMFA að rekstri og þróun styrktarþjálfunar.

Aðalstjórn félagsins er heimilt að skila inn til forstöðumanns íþróttamannvirkja í Mosfellsbæ nöfnum allt að 200 einstaklinga í afreksíþróttum undir merkjum UMFA sem fá frí afnot af sundlaugum bæjarins.

3.715.513 kr. *Framlag til afreks- og styrktarsjóðs*

Framlaginu skal verja til að styðja almennt við afreksfólk innan Aftureldingar, vegna þátttöku á æfingum eða í keppni með landsliði innan sérsambanda ÍSÍ. Einnig að veita þjálfurum og leiðbeinendum félagsins styrk til að efla þá í starfi. Framlag hvers árs tekur mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í ágúst árið áður, auk 3,5% hækkunar á ári til að mæta væntanlegri fjölgun iðkenda. Í reglulegum skýrslum til Mosfellsbæjar skal gera grein fyrir hvernig framlaginu er varið.

Mosfellsbær greiðir þann 1. júní á ári hverju **300.000 kr.** í *Minningarsjóð Guðfinnu* og skal því fjármagni sérstaklega ráðstafað til að styrkja börn af erlendum uppruna til íþróttaiðkunar innan félagsins.

Reiknað framlag vegna afnota af íþróttamannvirkjum

Reiknað framlag Mosfellsbæjar vegna afnota UMFA af sölum, sundlaugum og íþróttavöllum bæjarins kemur fram með upplýsingum sem verða gerðar sýnilegar á vef bæjarins, sbr. 3. gr. Upphæðin tekur breytingum á milli ára í samræmi við notkun á mannvirkjum og reglulega endurskoðun á leigukostnaði.

3. grein

Greiðslur framlaga

Framlag til barna- og unglingastarfs, framlag til afreksstarfsemi og framlag í afreks- og styrktarsjóð eru greidd í tveimur jöfnum greiðslum 1. janúar og 1. júní ár hvert. Greiðslur vegna framlags til almenns reksturs skulu greiddar með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Greiðslur taka mið af breytingum á launavísitölu útgefinni í ágúst árið áður, í fyrsta sinn ágúst 2024 vegna greiðslna fyrir 2025. Gera þarf grein fyrir því hvernig framlögin eru nýtt í skýrslum sem UMFA skal útbúa og senda til Mosfellsbæjar þegar eftir þeim er leitað. Öll framlög til félagsins verða gerð sýnileg á vef bæjarins, auk árshlutauppgjöra UMFA þegar þau liggja fyrir.

Félagið skal senda Mosfellsbæ reikninga fyrir fjárframlögum skv. þessari grein. Dagsetning reiknings skal vera 1. dagur þess mánaðar sem kveðið er á um í greiðslu framlagsins. Mosfellsbær áskilur sér tvær vikur til úrvinnslu reiknings áður en hann er greiddur. Reikningar eru greiddir inn á þann bankareikning félagsins sem tilgreindur er á innsendum reikningi. Félaginu er óheimilt að veðsetja eða ávísa greiðslum skv. samstarfssamningi þessum til þriðja aðila.

Árlegar greiðslufjárhæðir eru ákvarðaðar með fyrirvara um fjárheimildir í árlegri fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar.

4. grein

Samskipti samningsaðila

Aðalstjórn UMFA annast samræmingu á starfsemi deilda félagsins og tryggir að einstakar deildir beini erindum sínum til aðalstjórnar sem hún metur og ber eftir atvikum upp við Mosfellsbæ. Mosfellsbær tryggir að erindi sem berast með öðrum hætti en frá aðalstjórn UMFA verði ekki tekin til umfjöllunar í nafni félagsins.

Íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar kemur fram fyrir hönd Mosfellsbæjar varðandi undirbúning samningsins. Leiðtogi íþrótt- og lýðheilsamála Mosfellsbæjar annast dagleg samskipti við UMFA varðandi framkvæmd samningsins.

Framkvæmdastjóri UMFA kemur fram fyrir hönd UMFA gagnvart Mosfellsbæ varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samnings þessa.

Fulltrúar menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs funda að lágmarki mánaðarlega með framkvæmdastjóra UMFA um mál sem varða samstarf Mosfellsbæjar og UMFA.

UMFA tekur þátt í starfi samstarfsvettvangs íþrótt- og tómstundafélaga í Mosfellsbæ.

Íþrótt- og tómstundanefnd fundar einu sinni á ári með fulltrúum UMFA.

5. grein

Ábyrgð aðalstjórnar UMFA

Framkvæmdastjóri félagsins, í umboði aðalstjórnar, skal bera ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og tryggja að bókhald sé reglulega og réttilega fært og skal það liggja fyrir 31. desember ár hvert.

Allir styrkir og framlög Mosfellsbæjar greiðast til aðalstjórnar og annast framkvæmdastjóri frekari ráðstöfun greiðslna í samræmi við samþykktu rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins.

Aðalstjórn UMFA ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins og tryggir að skuldbindingar deilda innan félagsins séu ávallt í samræmi við skráðar áætlanir og samþykktir aðalstjórnar. Aðrar skuldbindingar sem einstakar deildir kunna að gera án skriflegrar heimildar eða samþykktar aðalstjórnar eru á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna. Aðalstjórn ber ábyrgð á því að kynna formönnum deilda þessa þætti.

UMFA skuldbindur sig til að hækka ekki æfingagjöld umfram launavísitölu á samnings-tímanum. Komi hins vegar til þess að forsendur æfingagjalda einstakra deilda félagsins breytist, til að mynda ef æfingum eða þjálfurum er fjölgað, er UMFA heimilt að endurskoða æfingagjöld og upplýsa Mosfellsbæ um breytinguna.

Lögd er rík áhersla á að hver deild félagsins sé áfram viðurkennd sem fyrirmyndarfélag og mæti kröfu ÍSÍ um endurnýjun, auk þess sem handbækur deilda séu aðgengilegar á vef félagsins. Í samræmi við 16. gr. ípróttalaga nr. 64/1998 og 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 er UMFA óheimilt að ráða aðila til starfa, til að sinna börnum og ungmennum yngri en 18 ára, sem hafa hlotið refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla, 211. eða 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og skal það sama gilda um aðila sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni síðastliðin fimm ár. Tekur framangreint einnig til sjálfboðaliða sem falin er umsjón með börnum og ungmennum yngri en 18 ára.

Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum barna með sérstakar þarfir og barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningar-bakgrunn í samvinnu við Mosfellsbæ. Jafnframt skal félagið vinna jafnréttisáætlun sem skal taka mið af jafnréttisáætlun Mosfellsbæjar og skipuleggja starf sitt með þarfir og hagsmuni allra kynja í huga. Félaginu ber einnig að taka tillit til lýðheilsu- og forvarnarstefnu Mosfellsbæjar við skipulag starfsemi sinnar og framkvæmd viðburða. UMFA skal setja upp áætlanir varðandi fræðslu og viðbrögð við eineltismálum í samvinnu við Mosfellsbæ.

Mosfellsbær áskilur sér rétt til að skilyrða allar fjárveitingar til UMFA þannig að félagið setji sér siðareglur, viðbragðs- og aðgerðaráætlun í tengslum við þær. Þá skal UMFA fræða starfsfólk sitt um hvað teljist kynferðisleg áreitni og/eða ofbeldi og hvað teljist annað ofbeldi. Einnig skal félagið stofna og/eða hafa aðgang að óháðu fagraði sem tekur á móti ábendingum og kvörtunum iðkendum og ábyrgðaraðila.

6. grein

Upplýsingaskylda UMFA

Aðalstjórn UMFA ber ábyrgð á rekstri félagsins og skuldbindur sig til að leggja fram gögn um fjárhagsleg málefni félagsins hverju sinni þegar eftir því er leitað af hálfu fulltrúa Mosfellsbæjar.

Aðalstjórn UMFA skal leggja fram starfs- og fjárhagsáætlun sem nær til allra deilda félagsins fyrir næsta starfsár eigi síðar en 31. desember ár hvert. Í áætlunum skal aðgreina rekstur barna- og unglingastarfs, almennan rekstur og rekstur meistaraflokka.

Aðalstjórn UMFA skal leggja fram sex og tólf mánaða uppgjör ásamt ársskýrslu innan 30 daga frá lokum uppgjörs. Mosfellsbær getur einhliða ákveðið að stöðva greiðslur skv. 2.

A.J.
RA'

gr. sé uppgjörum ekki skilað. Í uppgjörum skulu koma fram upplýsingar um stöðu tímabils og rekstraráætlun með samanburði við fyrra tímabil.

Gögnin verða hluti þeirra upplýsinga sem birtar verða á vef bæjarins um hvernig fjármunum sveitarfélagsins er varið.

Upplýsingar um ráðstöfun framlaga Mosfellsbæjar til einstakra deilda í samræmi við samþykkt aðalstjórnar skulu ávallt liggja fyrir samhliða uppgjöri.


7. grein

Endurskoðunarákvæði og gildistími


Samningurinn gildir frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Verði meiriháttar breytingar á forsendum fyrir rekstri UMFA á samningstímabilinu getur félagið óskað eftir viðræðum við Mosfellsbæ. Fyrir 1. september 2027 skulu samningsaðilar endurskoða samninginn með það að markmiði að nýr samningur taki gildi í upphafi árs 2028.

Mosfellsbæ, 27. febrúar 2025

F.h. Mosfellsbæjar


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri

F.h. UMFA


Ásgeir Jónsson
formaður